

# Upp með fánann! Ótíðindi!

Bókarhöfundar: **Gunnar Þór Bjarnason.**

Bókarheiti: ***Upp með fánann!* Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga.**

Gagnrýnandi: **Ólafur Þ. Harðarson**, prófessor í stjórnmálafræði og forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Útgáfa: **Mál og menning, Reykjavík 2012, 343 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Í heildina er bók Gunnars afar vel heppnað verk. Hún gerir grein fyrir aldaranda og þjóðfélagsbreytingum á mörgum sviðum, greinir helstu hugmyndir og setur þær í samhengi, lýsir persónum, valdatogsteitu, flokkum og flokka-dráttum, kosningakerfi, fjöldahreyfingum og umræðuhefð – og þeirri stórkostlegu dramatík sem átti sér stað sumarið 1908. Á engum einum stað hefur baráttan um Uppkastið verið greind með viðlíka hætti. Auk þess er textinn firnaveið skrifaður. Bókin hefur verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna; lakari verk hafa hlotið þau verðlaun. Hún verður klassísk bók um Uppkastið og sjálfstæðisstjórnmálin; bók sem stjórnmálafræðingar, stjórnmálafræðinemar og allir áhugamenn um íslenska stjórnmálasögu eiga að lesa.“

## Inngangur

„Upp með fánann. Ótíðindi!“ er einhver frægasta herhvöt íslenskrar stjórnmálasögu. Hún er texti símskeytis sem Bjarni Jónsson frá Vogum sendi félögum sínum í Reykjavík frá Kaupmannahöfn vorið 1908; ótíðindin voru niðurstöður millilandanefndarinnar um samband Íslands og Danmerkur – Uppkastið – en þær áttu eftir að leiða til einhverra harðvítugustu stjórnmáladeilna Íslandssögunnar sumarið eftir. Um haustið fóru svo fram einhverjar mestu umrótskosningar til Alþingis sem sögur fara af; meirihlutaflökkur heimastjórnarmanna Hannesar Hafstein, sem studdi Uppkastið, beið afhröð. Andstæðingar Uppkastsins fengu 24 þingmenn, en frumvarpsvinir sem kallaðir voru, fengu 10. Síðar ógilti Alþingi kosningu Valtýs Guðmundssonar á Seyðisfirði; hann féll svo í uppkosningu; lokatölur urðu því 25-9. Munurinn var minni í prósentum; Uppkastsandstæðingar fengu um 57% atkvæða, en frumvarpsvinir um 43%. Í hlutfallskosningum hefðu Uppkastsandstæðingar fengið sex þingsæta meirihluta, en ekki sextán (bls. 277-8). Árið 1908 var einföld meirihlutakosning við lýði og mikið misvægi atkvæða eftir kjördæmum. Kjörsóknin var met; ríflega 75% kjósenda (sem allir voru karlar) greiddu atkvæði, en höfðu verið um helmingur í kosningunum 1900, 1902 og 1903; á síðasta aldarfjórðungi 19. aldar kusu einungis 20-30% þeirra sem voru á kjörskrá. Vafalítið áttu deilurnar um Uppkastið þátt í aukinni kjörsókn, en miklu

skipti að kosningar fóru nú fram í hverjum hreppi, en ekki bara á einum stað í hverri sýslu („kostnaður“ kjósenda stórminnkaði) – og þetta voru líka fyrstu almennu Alþingiskosningarnar þar sem atkvæðagreiðsla var leynileg. Konungkjörnu þingmennirnir sex studdu auk þess Hannes Hafstein og Uppkastið; tveir þeirra voru skipaðir eftir kosningarnar 1908 að tillögu Hannesar; það voru samnefndarmenn hans úr millilandanefndinni og stuðningsmenn Uppkastsins, þeir Lárus H. Bjarnason, sýslumaður, og Stefán Stefánsson, grasafraeðingur, en báðir höfðu fallið í kosningunum! Sú skipan gekk auðvitað þvert gegn eðlilegri lýðræðishugsun. Hannes sagði heldur ekki af sér þegar úrslit voru ljós heldur sat áfram næsta hálfá árið og beið vantrausts. Það var samþykkt þegar þing kom saman í febrúar 1909. Björn Jónsson varð ráðherra – og Uppkastið úr sögunni. Íslenskar stjórnmálahefðir voru í mótun.

### Um hvað snérist Uppkastið?

Í stuttu máli fól Uppkastið í sér nýja löggjöf um samband Íslands og Danmerkur sem færði Íslendingum mikil ný réttindi – um margt svipuð og þeir fengu með fullveldinu 1918. Uppkastsandstæðingar héldu því hins vegar fram að í frumvarpinu væru líka ákvæði sem tryggðu innlimun Íslands í danska ríkið – og væri þannig í andstöðu við stefnu Jóns Sigurðssonar. Svipuðum rökum höfðu Landvarnarmenn beitt 1903-4 þegar þeir lögðust gegn heimastjórninni – og töpuðu. En 1908 höfðu þjóðernissinnarnir betur. Árið 1918 varð miðlun svo aftur ofan á; þá voru það bara tveir þingmenn sem töldu sambandslögin svik við stefnu Jóns Sigurðssonar. Og reyndar skipti valdataflið ekki síður máli en prinsippin og hugsjónirnar, bæði á landshöfðingjatímabili (1874-1904) og heimastjórnarárum (1904-18). Um aldamótin 1900 höfðu margir Uppkastsandstæðingar stutt Valtýskuna sem boðaði Íslendingum miklu minni réttarbætur en bæði heimastjórnin og Uppkastið. Þá voru heimastjórnarmenn og Hannes Hafstein hinir miklu þjóðernissinnar og höfðu sigur. Tíu árum síðar var Hannes miðlungsarmaðurinn, en gömlu Valtýingarnir fylltu flokk harðlínu-þjóðernissinna, sem reyndar áttu líka mikið fylgi meðal stúdenta og yngri manna. Kannski lá ný tíð í loftinu 1908.

### Ný heildarsýn á Uppkastið

Margt hefur verið skrifað um Uppkastið og um það hefur verið deilt síðustu öldina. Ævisaga Kristjáns Albertssonar um Hannes Hafstein í þremur bindum olli harðvítugum deilum þegar hún kom út (1961-4), ekki síst meðal fylgismanna Sjálfstæðisflokksins nýja; margir þeirra dáðu Hannes Hafstein, en ýmsir forfeður (og formæður) Engeyinga höfðu verið í forystu fyrir Uppkastsandstæðinga og aðra harðlínumenn í sjálfstæðismálinu – og Gunnar Thoroddsen var bróðursonur Skúla Thoroddsen, sem einn snérist gegn Uppkastinu í millilandanefndinni. Nú hefur Gunnar Þór Bjarnason skrifað ítarlega bók um Uppkastið. Hún markar tímamót. Ýmislegt nýtt kemur fram, en einkum er hér um að ræða frábærlega skrifaða sögu, sem leitast við að byggja upp heildarmynd af þeim þjóðfélagsbreytingum voru að eiga sér stað á fyrsta hluta 20. aldar og tengja þær við hugmyndafræði, félagsshreyfingar, efnahagsþróun og valdabaráttu. Saga einstaklinga er líka rakin; persónugalleríið er skrautlegt og Gunnar rekur innbyrðis tengsl einstaklinga hver við annan, flokka og valdakerfi, en líka við

persónur samtímans. Úr verður einkar lifandi mynd einstaklinga sem heyja baráttu innan tiltekinnar samfélagsgerðar á miklum breytingatímum.

## Störf millilandanefndar

Gunnar Þór rekur skilmerkilega störf millilandanefndarinnar, sem var sett á fót í þíðu í samskiptum landanna, en Friðrik XIII Danakóngur – uppáhaldskóngur Íslendinga – beitti sér fyrir gagnkvæmum heimsóknum danskra og íslenskra þingmanna til Kaupmannahafnar og Íslands 1906 og 1907; í framhaldi var millilandanefndin skipuð. Hana skipuðu 20 manns, þar af sjö Íslendingar, fjórir heimastjórnarmenn og þrjár stjórnarandstæðingar. Að íslenskum sið var undirbúningur íslensku nefndarmannanna lítill – en þeir þekktu vel til sambandsmálanna og í maí 1908 náðist samkomulag 19 nefndarmanna; allra Dananna, heimastjórnarmannanna fjögurra og tveggja íslenskra stjórnarandstæðinga. Skúli Thoroddsen var einn á móti. Ekki síst er fengur að lýsingum á danskri pólitík og afstöðu og persónuleikum dönsku nefndarmannanna; flestir Danir virðast reyndar hafa talið Íslendinga ná flestu sínu fram í Uppkastinu; vildu menn ganga lengra blásti við fullur skilnaður – sem flestir Danir og Íslendingar töldu allsendis óraunhæfan á þessum tímamarki, þó framtíðarhugmyndir um íslenskt lýðveldi væru farnar að heyrast. Á þessum tíma virtist líka vera orðið ljóst, að Danir myndu ekki beita hervaldi til að koma í veg fyrir fullt sjálfstæði Íslendinga, gerðu þeir kröfu um það.

## Hugmyndir og valdatafl

Gunnar Þór gerir skipulega grein fyrir hugmyndum andstæðra fylkinga og hvernig þær tengdust fyrri deilumálum og hugtökum á borð við ríkisráðsákvæði, frjálst land, sjálfstætt ríki – og fullveldi, sem fyrst verður lifandi hugtak í Uppkastsbaráttunni. Margt af þessu virðist nú formlegt karp um aukaatriði – og Danir litu gjarnan svo á að Íslendingar væri kenninga- og skýjaborgamenn – lítt praktískt þenkjandi. En Gunnar reynir að skýra þessar á köflum skýrtu hugmyndir af sanngirni. Hann reynir að meta menn og málefni á hlutlægan hátt og kveður ekki upp stórudóma, þó hann dragi vissulega margar skynsamlegar ályktanir, t.d. um það af hverju kosningarnar fóru eins og raunin varð. Hann reynir líka að meta samspil valdatafls og hugsjóna til að skýra afstöðu einstakra leikenda – og rekur hvernig margir stjórnmálamenn fluttu sig á milli fylkinga í átökunum.

## Íslensk umræðuhefð

Heift, persónuníð, stóryrði, landráðabrigsl og almennt ómálefnaleg umræða einkenndi Uppkastskosningarnar. Gunnar breður glöggu ljósi á þessa íslensku umræðuhefð með fjölmörgum og litríkum dæmum úr öllum áttum. Margt í þeirri umræðu minnir á íslenska umræðuhefð mestalla 20. öldina – umræðuhefð sem stendur í sérstökum blóma þessi árin.

## Niðurstaða

Í heildina er bók Gunnars afar vel heppnað verk. Hún gerir grein fyrir aldaranda og

Þjóðfélagsbreytingum á mörgum sviðum, greinir helstu hugmyndir og setur þær í samhengi, lýsir persónum, valdatogsteitu, flokkum og flokkadráttum, kosningakerfi, fjöldahreyfingum og umræðuhefð – og þeirri stórkostlegu dramatík sem átti sér stað sumarið 1908. Á engum einum stað hefur baráttan um Uppkastið verið greind með viðlíka hætti. Auk þess er textinn firnavel skrifaður. Bókin hefur verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna; lakari verk hafa hlotið þau verðlaun. Hún verður klassísk bók um Uppkastið og sjálfstæðisstjórn málin; bók sem stjórn málafræðingar, stjórn málafræðinemar og allir áhugamenn um íslenska stjórn málasögu eiga að lesa.

Meðferð Gunnars á heimildum virðist einkar fjölbreytt og traust og vel er til þeirra vísað. Að vísu má nefna, að ekki er notuð Ævisaga Gunnars Ólafssonar (1948), en Gunnar náði kjöri fyrir Uppkastsandstæðinga í Vestur-Skaftafellssýslu og segir skemmtilega frá fundum sem Hannes Hafstein hélt með frambjóðendum í kjördæminu; m.a. einum sem féll niður af því að bændur voru í heyskap (bls. 257-61). Þann fund átti að halda heima hjá Jóni í Hemru, mótframbjóðanda Gunnars. Heldur þóttu bændur sýna ráðherra litla virðingu, en þrátt fyrir fundarleysið gistu bæði Hannes og Gunnar í Hemru og áttu þar góða stund: „Kvöldið leið með gleði á þessu gestrisna heimili. Góður kvöldverður og alúðlegt viðmót húsbænda samfara skemmtilegum orðræðum ráðherrans dreifði fljótt öllum pólitískum þokudrögum dagsins, og nóttin leið með rólegum svefni í góðu legurúmi á þessum stað.“ (bls. 161). En Gunnar Þór segir margar aðrar lifandi og skemmtilegar sögur úr þessari kosningabaráttu, þar sem Hannes og nokkrir aðrir frambjóðendur geystust um landið þvert og endilangt – þótt veglaust væri að mestu. Nokkrar töflur, myndir og uppsláttargreinar eru í bókinni; allar til bóta – og frágangur er til mikillar fyrirmyndar.

### Hugleiðingar í viðtengingarhætti

Undir bókarlok veltir Gunnar Þór því fyrir sér hvort einhverju verulegu máli hafi skipt að Uppkastið var fellt 1908. Hefði samþykkt Uppkastsins komið í veg fyrir sjálfstæði Íslendinga og innlimað landið endanlega í Danaveldi? Eða frestaði fall Uppkastsins sjálfstæði Íslendinga bara í áratug? Margt virðist benda til þess, að árið 1908 hafi öll vötn fallið til Dýrafjarðar: Íslendingar hefðu stofnað lýðveldi um miðja 20. öld, hvort sem Uppkastið hefði verið fellt eða samþykkt. En um það verður ekkert endanlega fullyrt, eins og Gunnar bendir á; sagan verður ekki sögð í viðtengingarhætti – þó slíkar æfingar geti bæði verið fróðlegar og skemmtilegar!

*Upp með fánann!* er ekki bara bók um Uppkastið og hin dramatísku stjórn málaátök ársins 1908. Af henni má margt læra um rætur þess stjórn málakerfis og stjórn mála-menningar sem festi rætur á Íslandi á 20. öld – til góðs og til ills.